

Gjafasjóður Jóns og Þóru Magnússon. Frú Þóra Magnússon, ekkja Jóns Magnússonar, fyrrverandi forsætisráðherra, er lézt 18. september 1947, stofnaði með dánargjöf sjóð við háskólann, er nefnist Gjafasjóður Jóns og Þóru Magnússon. Stofnfé sjóðsins er 5.000 kr., og skal vöxtunum varið til styrktar nemendum í lögfræði samkvæmt skipulagsskrá, er síðar verður sett.

Úr erfðaskrá frú Þóru J. Magnússon.

„Háskóla Íslands gef ég 5.000 – fimm þúsund krónur – og skal fyrir þá upphæð stofna sjóð, er beri nafnið „Gjafasjóður Jóns og Þóru Magnússon.“ Vöxtum af sjóðnum skal varið til að styrkja nemanda við lagadeild Háskólans. Háskólaráðið semur reglugerð fyrir sjóðinn og fær hana staðfesta.“